

Velferðarnefnd Alþingis

Sent með tölvupósti á
nefndasvid@althingi.is



Efni: Umsögn Gleym mér ei styrktarfélags um frumvarp um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022, 264. mál.

Gleym mér ei styrktarfélag fagnar breytingu á frumvarpi á lögum um sorgarleyfi og sorgarstyrk að því leiti að gefa foreldrum, sem missa maka sinn, réttindi sem heimilar þeim að fá sorgarleyfi/styrk. Með frumvarpinu eru lagðar til mikilvægar réttarbætur fyrir eftirlifandi foreldri barna undir 18 ára.

Gleym mér ei vill þó leggja til eftirfarandi breytingar með vísan í 8. gr og 20. gr. um rétt foreldris til sorgarleyfis og sorgarstyrks vegna andvana fæðingar og fósturláts:

1. Foreldrar sem missa barn eftir 22 vikna meðgöngu eigi rétt til sorgarleyfis/styrks í 6 mánuði hvort sem barnið fæðist andvana eða lifandi.

Foreldrar sem missa barn sitt ganga í gegnum ólýsanlega sorg og er nýtilkomið sorgarleyfi þeim mikilvæg réttarbót. Skjólstæðingar Gleym mér ei eru foreldrar og einstaklingar sem missa á meðgöngu, í fæðingu eða fljótlega eftir fæðingu, hvort sem barnið dregur andann utan móðurkviðs eður ei. Því miður skapar sorgarleyfið flókna stöðu gagnvart réttindum þessa viðkvæma hóps. Með núverandi lögum fá þau sem fæða andvana barn seint á meðgöngu *helmingi minni* rétt til sorgarleyfis en þau sem fæða lifandi barn, sem lætur lífið skömmu eftir fæðingu. Þetta skapar ósamræmi milli réttinda foreldra sem standa í svipuðum sporum hvað andlega og líkamlega heilsu varðar. Auk þess eykur þetta enn á þá gömlu og úreltu hugsun að sorg sem fylgir missi á meðgöngu eigi minni rétt á sér. Gleym mér ei leggur því til að réttur foreldra til sorgarleyfis verði jafn, hvort sem barn fæðist andvana eða lifandi eftir 22 vikna meðgöngu.

2. Réttur til sorgarleyfis/styrks miðist við missi eftir 12 vikna meðgöngu, í stað 18 vikna meðgöngu og að lengd sorgarleyfis fari úr tveimur mánuðum í þrjá mánuði.

Skimað er fyrir fósturfrávikum við 12 og 20 vikna meðgöngu. Ef fósturlát verður eða alvarlegur fósturgalli kemur í ljós í 12 vikna sónar ganga foreldrar í gegnum fæðingu með tilheyrandi álagi bæði líkamlega og andlega. Með núverandi lögum um sorgarleyfi eru þessir foreldrar, sem missa á 12 til 18 viku, réttindalausir. Þessi hópur hefur einungis almennan veikindarétt, sem er háður velvilja vinnuveitenda, skóla og fagfólksins sem sinnir þeim. Gleym mér ei telur því rétt að sorgarleyfi miðist við 12 vikur í stað 18. Einnig leggur félagið til að leyfið verði lengt úr tveim mánuðum í þrjá til þess að gefa foreldrum tækifæri til þess að jafna sig andlega og líkamlega. Gleym mér ei leggur ríka áherslu á að vikufjöldi meðgöngu skilgreini ekki sorg foreldra og þörf þeirra fyrir stuðning og rými til úrvinnslu. Við teljum að þessi tillaga jafni réttindi þessa hóps til muna.

Þessar breytingartillögur hafa einnig verið lagðar til við félags- og vinnumarkaðsráðherra og byggja á samtölum við foreldra sem hafa upplifað missi, félagsráðgjafa og fagfólk á LSH.

Nánar má lesa um Gleym mér ei styrktarfélag á www.gme.is.

Með kærri þökk og von um að tekið verði tillit til umsagnar okkar.

f.h. Gleym mér ei,
Ingunn Sif Höskuldsdóttir
Formaður stjórnar